

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/950
komudagur 3.3.2005

Reykjavík, 24. febrúar 2004

Efni: Umsögn um skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi

Ástæða er til að fagna gerð skýrslunnar. Í henni er að finna yfirlit yfir helstu atriði sem máli skipta varðandi skattsvik í nútímasamfélagi. Einnig gefur hún ákveðnar vísbendingar um þá þróun sem er að verða í skattsvikamálum, enda þótt vöntun á hagfræðilegri úttekt rýri að nokkru almennar niðurstöður skýrslunnar.

Í skýrslunni kemur fram að skipulögð skattsvik hafi aukist og nýjar skattsvikaleiðir bæst við, og þá einkum í gegnum erlend samskipti. Hefur þetta verið ljóst um nokkurt skeið. Hins vegar er hér um að ræða mál sem mjög erfitt er að skoða, tímafrekt og þarfnast starfsfólks með mjög góða og mikla þekkingu. Í þeim málum sem tekin hafa verið til skoðunar hjá embættinu hefur verið grunur um undanskot sem nemur verulegum fjárhæðum. Gjaldabreyting í einu máli nam rúmlega 100 milljónum króna. Önnur mál eru ennþá í vinnslu.

Í skýrslunni er bent á aðgerðir sem nefndarmenn telja að orðið geti til þess að sporna við skattsvikum. Er þar um að ræða þarfar ábendingar sem full ástæða er til að fara vandlega yfir. Sérstaklega þykir ástæða til að vekja athygli á nauðsyn þess að sett verði afdráttarlaus ákvæði um upplýsingaskyldu banka og annarra fjármálastofnana varðandi tekjur, eignir og viðskipti skattaðila við þessar stofnanir. Vöntun á þessum upplýsingum gerir skattframkvæmd og skatteftirlit að mun erfiðara og umfangsmeira en ástæða væri til. Einnig er ástæða til að benda á tölul. 14.4 þar sem fjallað er um frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum. Er ástæða til að taka undir tillögu nefndarinnar um að lögum verði breytt á þann veg að krafið verði um uppgjör á sköttum af ósköttuðum tekjum áður en eignin er flutt úr landi. Í 14.9.3 er fjallað um eftirlit með skattskilum stórfyrirtækja og bent á nauðsyn þess að slíkt eftirlit verði eflt. Slík stórfyrirtæki eru m.a. skattaðilar í Reykjavík og hafa komið til skoðunar hjá eftirlitsskrifstofu embættisins. Að fenginni þeirri reynslu þykir sérstök ástæða til að vekja athygli á þörf fyrir aukið stórfyrirtækjaeftirlit. Er því mjög brýnt að efla eftirlitsskrifstofu skattstjóra varðandi mannafla til að annast þetta eftirlit.

Fjallað er í skýrslunni um mikla fjölgun einkahlutafélaga. Frá álagningarárinu 1998 til 2005 hefur framtalsskyldum lögaðilum í Reykjavík fjölgað um 85%, úr 6.544 félögum við álagningu árið 1998 í 12.335 félög álagningarárið 2005. Á milli árunna 2004 og 2005 fjölgaði félögum skráðum í Reykjavík um 976. Munar þar mestu um fjölgun einkahlutafélaga.

Vegna þess hve einfalt og ódýrt er að stofna einkahlutafélög eru þau í mörgum tilvikum stofnuð utan um starfsemi sem áður var í höndum einstaklinga. Með tilkomu félags verður allt eftirlit mun erfiðara, t.d. varðandi reiknað endurgjald. Mörg dæmi eru um að tekjur, sem áður komu fram hjá einstaklingnum, séu færðar til félagsins, félagið á engar eignir, telur ekki fram og fer að lokum í gjaldþrot. Síðan er jafnvel stofnað nýtt félag og ferlið endurtekið. Einnig eru slík félög oft nýtt fyrir gerviverktöku, þ.e. starfsemi sem unnin er í verktöku, en í raun er um launavinnu að


Skattstjórinn í Reykjavík

ræða. Eru reiknuð laun þá ákvörðuð of lág og síðan gjaldfærður kostnaður sem ekki á rétt á sér.

Í skýrslunni kemur fram að skattsvik í formi vanframtalinna launa kunni að hafa minnkað og skil á virðisaukaskatti batnað. Telja verður að hér hafi m.a. breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003, varðandi gjaldfærslu launagreiðslna og verktakagreiðslna leitt til bættra skila, (breytt með 3. gr. laga nr. 147/1994).

Af lestri skýrslunnar er ljóst að mjög brýnt er að efla skatteftirlit og skattframkvæmd. Er það von undirritaðs að ábendingar skýrsluhöfunda fái vandlega umfjöllun og verði til þess að bæta skattframkvæmd og skatteftirlit í framtíðinni.

Skattstjórinn í Reykjavík


Gestur Steinþórsson